
Hreppaþingstaðir á Íslandi

Staðsetning, miðlægni og miðstöðvar



KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

Reykjavík 2017
FS661-14122

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumynd sýnir dreifingu elstu þekktu hreppaþingstaðanna á Íslandi.
Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.

©2017
Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur: Hreppaþingstaðir á Íslandi 1

II. Aðferðir 3

III. Dýrleiki og guðshús 5

IV. Flokkun þingstaða 9

1. flokkur 10

2. flokkur 12

3. flokkur 14

4. flokkur 16

V. Munur eftir landshlutum 19

VI. Niðurstöður: Val á þingstað 21

VII. Heimildaskrá 23

Viðauki I: Kort 25

Viðauki II: Töflur 47

I. Inngangur: Hreppaþingstaðir á Íslandi

Hreppar, grundvallareining stjórnskipunar Íslands, eiga sér langa sögu sem rekja má allt aftur til fyrstu alda Íslandsbyggðar. Elstu varðveitta heimild um hreppa er að finna í *Grágás* þar sem þeirra er getið varðandi skiptingu tíundar og var helsta hlutverk hreppanna samkvæmt lagaskránni að sjá um framfærslumál, s.s. matargjafir og ómagaframfærslu. Hreppsbúar bættu einnig hver öðrum tjón vegna drepsóttar í skepnum og húsbruna auk þess sem þeir skipuðu sérstakan dóm sem dæmdi í málum vegna ágreinings innan hrepps (*Grágás*, 2001: bls. 180-181, 183-184, 188). Heimildir um sögu og þróun hreppa eru afar gloppóttar, en líklegt er að allt frá þjóðveldisöld hafi skyldur hreppsins aukist jafnt og þétt og höfðu hreppstjórar eftirlit með flestu er varðaði sameiginlega hagsmuni íbúa hreppsins þegar komið var undir 1700 (Lýður Björnsson, 1972: bls. 86).

Hreppsfundir eða þing voru ófrávíkjanlegur hluti af stjórn hreppanna. Samkvæmt Jónsbók voru haldin fjögur mismunandi þing í héraði sem bændum var skylt að sækja: Manntalsþing til jafnaðar, manndrápsþing, hreppaskilaþing og þing þar sem birt voru konungsbréf. Hreppaskilaþing voru haldin tvisvar á ári, að hausti og vori, en manntalsþing hélt sýslumaður árlega, nema ef bændur óskuðu eftir að þing væri haldið oftar. Manndrápsþing og þing vegna konungsbréfa voru eflaust aðeins haldin ef tilefni var til (*Jónsbók*, 2004: bls. 147-148, 98; Lýður Björnsson 1972: bls. 58, 94-95). Lýður Björnsson telur að fastir þingstaðir hafi myndast í hverjum hreppi strax á þjóðveldisöld, með vísun í síðari tíma venju og það hversu margir hreppar bera nöfn dregin af þingstöðum sínum (Lýður Björnsson, 1972: bls. 48). Það eru þó ekki örugg rök og er hugsanlegt að fastir hreppaþingstaðir hafi ekki komist á fyrr en á seinni öldum. Ætla má að hreppaskilaþing og manntalsþing hafi verið haldin á sama stað í hverjum hreppi en í raun er fyrst og fremst staðsetning manntalsþingstaða þekkt (Hjálmar Vilhjálmsson, 1955: bls. 117; Lýður Björnsson, 1972: bls. 58, 94-95).

Fjöldi hreppaþingstaða á Íslandi hefur, líkt og fjöldi hreppa, breyst í gegnum aldirnar. Fjöldi hreppa og fjöldi þingstaða héldust þó ekki endilega í hendur og eru nokkur dæmi um þingstaði sem sóttir voru af íbúum tveggja eða fleiri hreppa, miðað

við hreppaskiptingu um 1700.[1] Á seinni öldum, einkum frá seinni hluta 18. aldar og þegar komið var fram á þá nítjándu, eru fjölmargar heimildir um að þingstaðir væru færðir til innan hrepps, auk þess sem nýir þingstaðir voru skipaðir þegar hreppum var skipt upp. Í eftirfarandi umfjöllun verður þó einungis fjallað um elstu hreppaþingstaðina sem heimildir eru til um, alls 154 að tölu. Misjafnt er hvenær þingstaðirnir koma fyrir fyrst í heimildum. Í *Íslenzku fornbréfasafni* eru nefndir 82 þingstaðir réttir; elsta bréfið frá 1391, en meiri en helmingur þingstaðanna er þó ekki nefndur fyrr en í bréfum frá 16. öld. Nærri tvöfalt fleiri staðir eru hins vegar nefndir í skrám yfir manntalsþingstaði sem varðveist hafa frá 18. öld. Vegna þess hversu seint margir þingstaðir koma fyrir í heimildum er ekki útilokað að aðrar jarðir hafi áður gegnt hlutverki þingstaðar í hreppunum, en þó má nefna að ef bornir eru saman þeir þingstaðir sem koma fyrir í fornbréfasafninu og í 18. aldar skrám yfir þingstaði eru þeir staðir sem nefndir eru í langflestum tilvikum hinir sömu (Lýður Björnsson, 1972: bls. 117-119).

Eftirfarandi skýrsla er að hluta til byggð á fyrri rannsókn höfundar (Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016). Í því verkefni, *Á þingstað réttum*, voru valdar sex sýslur og staðsetning þingstaða í hreppum innan þeirra skoðuð sérstaklega. Í fyrri umfjöllun um hreppa og uppruna þeirra virðist fyrst og fremst hafa verið litið á hreppana sem jafningjasamtök fjálsra bænda (sjá m.a. Lýður Björnsson, 1972; Jón Viðar Sigurðsson, 2009). Markmið rannsóknarinnar var að svara þeirri spurningu hvort þingstaðir hafi almennt verið á miðlægustu jörð hreppsins, sem bent gæti til meira jafnræðis meðal hreppsmanna. Einnig var leitast við að greina hvaða áhrif veraldlegar og kirkjulegar miðstöðvar kynnu að hafa haft á staðsetningu þingstaðanna. Niðurstöður rannsóknarinnar voru einkum að flokka mætti þingstaði í fjóra flokka með tilliti til stöðu þingstaðajarðar innan hrepps (Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016: bls. 1-2, 31). Í þeirri rannsókn sem nú er lögð fram er sömu nálgun og flokkun fylgt og áður, en að þessu sinni verður landið í heild sinni til að gefa fyllri mynd af hreppaþingstöðum á Íslandi.

---

[1] Þær þinghár eru: *Gullbringu- og Kjósarsýsla:* Rosmhvalaneshreppur og Hafnahreppur; Seltjarnarneshreppur og Álftaneshreppur. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Breiðavíkurhreppur og Neshreppur. *Barðastrandarsýsla:* Króksfjarðarhreppur og Geiradalshreppur; Dalasveit og Suðurfjarðarsveit. *Skagafjarðarsýsla:* Seyluhreppur og Reynisstaðahreppur; Viðvíkurhreppur og Hólahreppur. *Norður-Múlasýsla:* Hróarstunga og Jökuldalshreppur (Hróarstunga var hluti Tungu- og Fellnahrepps en Fellin höfðu sér þingstað). *Austur-Skaftafellssýsla:* Suðursveit, Öræfabyggð og Lón, Nes og Mýrar.

II. Aðferðir

Upplýsingar um þinghár og staðsetningu þingstaða í hverjum hreppi voru fengnar úr *Sögu sveitarstjórnar á Íslandi* eftir Lýð Björnsson (1972: bls. 95-117) enda er rit Lýðs ræki-legasta rannsókn á fyrirkomulagi og stjórn hreppa sem gerð hefur verið og liggur til grundvallar fyrir seinni athuganir á efninu. Hver þingstaður var skoðaður með tilliti til dýrleika, heimilda um guðshús og miðlægni.

Dýrleiki jarðanna var fenginn úr jarðatalinu 1695 auk þess sem stuðst var við jarðatölin 1686 og 1695 hvað varðaði upplýsingar um hvaða jarðir tilheyrðu hvaða hreppi, þar sem þau eru elstu heilstæðu skrár yfir jarðir á landinu (Björn Lárusson, 1967: bls. 7). Í tilfelli jarða með of lágan skráðan dýrleika, s.s. kirkjuléna (sbr. Björn Lárusson 1967: bls. 64-65), var dýrleiki áætlaður á við höfuðból, eða 60 hdr. Meðal-dýrleiki er mjög mismunandi eftir hreppum og var dýrleiki þingstaðajarðanna fyrst og fremst notaður til að athuga hvar í dýrleikaröð þinghárinnar þeir lentu. Þar sem grun-ur lék á að 60 hdr gæfi ranga mynd af dýrleika kirkjuléna eða að bændakirkjujarðir væru of lágt metnar var litið til dýrleikatalna úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (JÁM) og úr *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá 1861. Þegar kom að guðshúsum voru þingstaðajarðir flokkaðar eftir því hvort þar hefði verið prestssetur fyrir siðaskipti, út-kirkja, bænhús eða guðshúslaust.[2] Allar jarðir í hverri þinghá voru einnig færðar inn á kort í QGIS og voru til þess nýtt gögn frá Landmælingum Íslands auk dönsku herforingjaráðskortanna frá 1905-1915. Uppdráttur Íslands frá 1921-1944 var notaður þar sem herforingjaráðskortunum var ábótavant. Miðlægni þingstaða var að hluta áætluð sjónrænt út frá korti en einnig var meðalfjarlægð í loftlínu að þingstaðnum reiknuð og borin saman við meðalfjarlægð að öðrum bæjum þinghárinnar. Nánar um þær að-ferðir sem hér eru notaðar má sjá í *Á þingstað réttum* (Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016: bls. 8-10).


[2] Heimildir um guðshús má sjá í Viðauka II, töflu 5.

III. Dýrleiki og guðshús[3]

Tölur yfir dýrleika þingstaðajarðanna fundust fyrir um 153 jarðir af þeim 154 sem skoðaðir voru. Dýrleiki jarða í Vestmannaeyjum var hvorki skráður í jarðatalinu 1695 né í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, og var þingstaðnum Vilborgarstöðum því sleppt í eftirfarandi umfjöllun.

Töluverður munur var á þingstaðajörðunum með hæsta og lægsta dýrleikann en verðmæti jarðanna var allt frá 9 hdr upp í 120 hdr. Að meðaltali var dýrleiki þingstaðanna tæp 45 hdr en algengasti dýrleikinn var 60 hdr. Taka verður þó fram að raunverulegur dýrleiki stórs hluta þeirra þingstaða sem höfðu dýrleikann 60 hdr er óviss þar sem að af þessum 50 þingstöðum voru 35 kirkjulén og var raunverulegt verðmæti þessara jarða því að öllum líkindum dreifðara. Dreifing þingstaðajarða eftir dýrleika miðað við dreifingu allra jarða á landinu má sjá á *myndriti 1* en síðarnefndu hlutföllin eru fengin úr *The Old Icelandic Land Registers* (Björn Lárusson, 1967: bls. 33). Þar sem að dýrleiki margra þingstaðajarða var áætlaður eru þær tölur sem almennt er

Myndrit 1: Dreifing þingstaðajarða eftir dýrleika, miðað við dreifingu allra jarða á landinu.




[3]Texti í eftirfarandi kafla er, með örlitlum breytingum á orðalagi, tekinn beint upp úr ritgerðinni *Á þingstað réttum* (Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016), bls. 12-15, en þar var dýrleiki og dreifing guðshúsa einnig athuguð á landinu öllu. Lítilsháttar munur er hinsvegar á þeim tölum sem gefnar eru upp í ritgerðinni og þeim sem gefnar eru upp hér. Það stafar af því að í ritgerðinni voru alls teknir fyrir 155 þingstaðir, en í þessari skýrslu hefur þingstaður Neshrepps á Snæfellsnesi, Ingjaldshóll, verið flokkaður með yngri þingstöðum og því sleppt, þar sem hann var ekki skipaður fyrr en árið 1546 (Lýður Björnsson, 1972: 103).

stuðst við í þessari rannsókn ekki sambærilegar við tölur um dreifingu allra jarða eftir dýrleika samkvæmt jarðatalinu 1695. En jafnvel þótt dreifing þingstaðajarðanna eftir skráðum dýrleikatölum sé skoðuð sést að töluverður munur er á henni og almennri dreifingu allra jarða á landinu og falla hlutfallslega mun fleiri þingstaðajarðir í hærri flokka dýrleika en almennt gildir um jarðir á Íslandi.

Nokkur munur var á fjölda jarða sem heyrðu undir hvern þingstað. Stærst var þinghá Grundar í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu og sóttu þangað bændur af 80 jörðum þing, en aðeins af sjö jörðum að Svefneyjum í Eyjahreppi í Barðastrandarsýslu. Að meðaltali sóttu þó bændur af um 27 jörðum þing að hverjum þingstað.

Myndrit 2. Fjöldi þingstaðajarða eftir sæti í dýrleikaröð hreppsins




Áberandi hátt hlutfall þingstaða lenti í fyrsta sæti í dýrleika innan hreppsins eða 39,0%, alls 60 jarðir. Til samanburðar voru einungis 20 jarðir eða 13,0% í öðru sæti dýrleikaraðar og 18 jarðir eða 11,7% í þriðja sæti, og voru þeir tveir flokkar þeir næst fjölmennustu á eftir fyrsta sæti. Um 92,9% allra þingstaða lentu í 10. sæti eða ofar í dýrleikaröð hreppsins en 5,2% í 11.-20. sæti. Nokkrir þingstaðir lentu þó enn aftar í dýrleikaröðinni: sá lægsti var í 47. sæti en einnig var einn þingstaður í 36. sæti og einn í 34. sæti. Enginn þingstaður lenti þó í lægsta sæti í sínum hreppi. Af þessum tölum má sjá að þingstaðajarðir falla langt í frá tilviljanakennt eftir dýrleika og hafa sterka tengingu við betri jarðir hreppanna.

Guðshús var einnig að finna á meirihluta þingstaðajarða, á alls 122 jörðum af 155. Þar af voru 66 prestssetur, eða 42,9% af öllum þingstaðajörðum. Útkirkjur voru á


36 jörðum, eða 23,4%, einnig var nokkuð um bænhús á þingstöðum en þau voru alls 20 eða 13,0%. Ekkert guðshús var á 20,8% þingstaðajarða og voru það alls 32 jarðir.

Áætlað hefur verið að guðshús af einhverju tagi hafi verið að finna á að minnsta kosti um 45% jarða á Íslandi á seinni hluta miðalda (Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, 2011: bls. 56). Hlutfall þingstaðajarða þar sem guðshús var að finna var hins vegar töluvert hærra, eða 79,2%. Þetta helst að hluta til í hendur við dreifingu þingstaðajarða eftir dýrleika þar sem heimildir um guðshús er að finna í hærra hlutfalli á verðmeiri jörðum en verðminni og er ekki talið ólíklegt að í raun hafi guðshús verið á flestum jörðum sem metnar voru hærra en 30 hdr (Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, 2011: bls. 57). Af þingstaðajörðum sem hærri en 30 hdr voru að dýrleika eru einungis þrjár af 97, eða 3,1%, þar sem engar heimildir eru um guðshús.

Myndrit 3: Dreifing þingstaðajarða með guðshúsum eftir dýrleika miðað við dreifingu allra jarða með guðshúsum



Ef skoðað er hvernig þingstaðajarðir þar sem guðshús var að finna skiptast í flokka eftir dýrleika og borið saman við sams konar skiptingu allra jarða þar sem guðshús var að finna (Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, 2011: bls. 57) má sjá að mun hærra hlutfall þingstaðajarða fellur í efsta flokkinn, með dýrleika 49 hdr eða hærri, en almennt gildir. Í öllum öðrum flokkum eru þingstaðajarðir hlutfallslega færri en jarðir á landinu almennt þó nánast sé jafnt á hópunum tveimur í flokki jarða 37-48 hdr að dýrleika (*myndrit 3*).



Mynd 1: Dreifing hreppaþingstaða eftir flokkum. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)


IV. Flokkun þingstaða

Hreppaþingstöðum á Íslandi má gróflega skipa í fjóra flokka með tilliti til stöðu jarðanna sem þeir voru á og hvort þær megi telja til miðstöðva. Til miðstöðva verða hér taldar jarðir þar sem stóðu sóknarkirkja og prestssetur auk jarða sem falla undir skilgreiningu á höfuðbóli, þ.e. jörð 60 hdr eða hærri að dýrleika. Flokkarnir eru:

1. Þingstaðir á ótvíræðri miðstöð hreppsins.
2. Þingstaðir á einni af tveimur eða fleiri miðstöðvum hreppsins.
3. Þingstaðir á jörðum sem standa næst á eftir miðstöðvunum.
4. Þingstaðir á meðalgóðum jörðum.

1. flokkur

Af þingstöðunum 154 voru 28[4] eða 18,2% á þeim jörðum sem flokka mátti sem ótvíræða miðstöð hreppsins, í öllum tilvikum á eina prestssetrinu innan hreppsins. Eins og við mætti búast féllu prestssetrin almennt í fyrsta sæti dýrleikaraðar, með þremur undantekningum[5] þar sem aðrar jarðir innan hreppsins voru hærra metnar, en ekki svo hátt að þær féllu undir skilgreiningu höfuðbóls. Í langflestum hreppanna var prestssetrið tiltölulega miðlægt, þó með nokkrum undantekningum: Bæði Presthólar í Presthólahreppi í Þingeyjarsýslu og Ás í Fellnahreppi í Norður-Múlasýslu voru nærri útjaðri hreppanna og í tveimur hreppum, Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarhreppi í Mið-Múlasýslu var einnig vafi um miðlægni þingstaðanna, þar sem nokkur munur var á fjarlægð frá öðrum bæjum að þingstaðnum eftir því hvort farið var á landi eða sjó.



Mynd 2: Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu. Þingstaðurinn Skeggjastaðir er merktur með stjörnu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)

Í þessum 28 hreppum má mögulega segja að aðdráttarafl kirkjulegrar miðstöðvar hafi ráðið mestu um staðsetningu þingstaðarins. Hins vegar er það ekki algilt að í hreppum með aðeins eina augljósa miðstöð hafi þingstaður verið á þeirri jörð. Ef allir hreppar landsins eru skoðaðir voru alls 55 hreppar þar sem einungis eru heimildir um eitt prestssetur innan

[4] Sjá Viðauka II, *töflu 1.*

[5] *Barðastrandarsýsla:* Laugardalur í Tálknafjarðarhreppi. *Mið-Múlasýsla:* Dvergasteinn í Seyðisfjarðarhreppi og Klyppsstaður í Loðmundarfjarðarhreppi. - Klyppsstaður var kirkjulén og því með áætlaðan dýrleika 60 hdr en var lækkaður um sæti í dýrleikaröð m.t.t. yngri jarðamata.

hreppsins, auk eins hrepps þar sem ekkert prestssetur var að finna, en ein jörð flokkaðist undir skilgreiningu höfuðbóls. Það er því einungis í helmingi þessara hreppa sem miðstöð hreppsins er jafnframt þingstaður.

Hugsanlega má skýra þessa skiptingu að nokkru leyti með því að líta til staðsetningar prestssetranna innan hreppanna þar sem þingi var valinn staður á annarri jörð. Í hópnum þar sem þingstaðir voru á sömu jörð og prestssetrin voru prestssetrin, með örfáum undantekningum, tiltölulega miðlæg en í 16[6] af þeim 27 hreppum þar sem þingstaðir voru á annarri jörð var prestssetrið í útjaðri hreppsins. Við þann hóp má bæta Hörðudalshreppi í Dalasýslu, þar sem ekkert prestssetur var að finna en ein jörð féll undir skilgreiningu höfuðbóls. Í öðrum níu hreppum[7] voru prestssetrin hins vegar sæmilega miðlæg, sambærileg við ýmsa hreppi þar sem þingstaður og prestssetur fóru saman, en þingstaðurinn var þó nær miðju hreppsins. Síðustu tveir hreppirnir skera sig sérstaklega út: Gufudalshreppur í Barðastrandarsýslu og Súðavíkurhreppur í Ísafjarðarsýslu en í báðum þessara hreppa voru prestssetrin með miðlægustu jörðum í hreppnum og miðlægari en þingstaðirnir hvort sem farið var á sjó eða landi. Nefna má að í tilvikum beggja hreppanna setti Lýður Björnsson fram tilgátur sem skýra mættu staðsetningu þingstaðanna: Annars vegar að Gufudalshreppur hefði annað hvort verið stærri og náð yfir hluta af Flateyjar- eða Múlahreppum eða að alfaraleið um Gufudalsháls hefði ekki verið tekin upp þegar þingstaður val valinn (Lýður Björnsson, 1972: bls. 105). Hins vegar var skýring Lýðs að Súðavíkurhreppur hefði hugsanlega náð yfir Skutulsfjarðarhrepp og meginhluta Súðavíkurhrepps (Lýður Björnsson, 1972: bls. 107). Einnig má nefna að í fjórum þeirra hreppa þar sem prestssetur var í útjaðri hreppsins var þingstaður einnig utarlega: Í Vestur Landeyjum í Rangárvallasýslu, Skorradalshreppi og Ásaveit í Borgarfjarðarsýslu, og Aðalvíkursveit

---

[6] *Rangárvallasýsla:* Vestur Landeyjar. *Árnessýsla:* Sandvíkurhreppur. *Borgarfjarðarsýsla:* Skorradalshreppur og Ásasveit. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Eyjahreppur og Miklaholtshreppur. *Dalasýsla:* Skarðsstrandarhreppur. *Barðastrandarsýsla:* Eyjahreppur og Rauðasandshreppur. *Ísafjarðarsýsla:* Súgandafjarðarhreppur, Langadalsströnd, Grunnavíkursveit og Aðalvíkursveit. *Strandasýsla:* Tröllatunguhreppur. *Húnavatnssýsla:* Torfalækjarhreppur. *Eyjafjarðarsýsla:* Hvammshreppur.

[7] *Árnessýsla*: Skeiðahreppur. *Mýrasýsla:* Norðurárdalur. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Staðarsveit. *Dalasýsla:* Haukadalshreppur. *Barðastrandarsýsla:* Skálmarnesmúlahreppur. *Strandasýsla:* Staðarhreppur og Hrútafjarðarhreppur. *Eyjafjarðarsýsla:* Ólafsfjarðarhreppur. *Mið-Múlasýsla:* Mjóafjarðarhreppur.

í Ísafjarðarsýslu. Í þremur hreppanna var þingstaður á jörð í öndverðum hluta hreppsins til móts við prestssetrið en í Aðalvíkursveit voru bæði prestssetrið Staður og þingstaðurinn Hesteyri í suðvesturhluta hreppsins. Aftur á móti lá Hesteyri vel við leiðum frá hreppshlutum, ólíkt prestssetrinu.

Auk þess að skoða staðsetningu miðstöðvanna má einnig líta til sóknaskipunar, þar sem segja má að þó aðeins eitt prestssetur sé innan hrepps sé það ekki eins ótvíræð miðstöð ef stór hluti bæja í hreppnum sækir kirkju annað. Upp kemur þó sá vandi að heilstæð yfirlit sókna finnast ekki eldri en frá 19. öld en þegar komið var fram á þann tíma hafði nokkur fjöldi kirkna lagst niður og sóknaskipan breyst (Loftur Guttormsson, 2000: bls. 222). Miðað við sóknaskiptingu eins og henni er lýst í jarðatali Johnsens (JJ) skiptust í fleiri en eina sókn fjórir[8] hreppar af þeim 28 þar sem eina prestssetur hreppsins var jafnframt þingstaður. Af hreppunum 27 þar sem þingstaður var á annarri jörð en prestssetrinu voru hins vegar 12[9] hreppar sem skiptust í fleiri en eina sókn. Upptalning Johnsens á sóknum dugir þó ekki til að skýra hvers vegna þingstaður var ekki á sömu jörð og prestssetur þar sem prestssetrin voru sæmilega miðlæg, þar sem í fimm[10] af þeim níu hreppum voru allar jarðir í sömu sókn.

2. flokkur

Í 47 hreppum[11] var þingstaðurinn á einni af tveimur eða fleiri miðstöðvum hreppsins, alls 30,5% af öllum þingstöðum. Flestar þessara þingstaðajarða eru jafnframt prestssetur (70,2%), en einnig falla í þennan flokk sex höfuðból með útkirkjum (12,8 %), eitt með bænhúsi (2,1 %) og tvö þar sem engar heimildir eru um guðshús (4,3%). Flestar

---

[8] *Mýrasýsla:* Þverárhlíð. *Húnavatnssýsla:* Vatnsneshreppur. *Suður-Múlasýsla:* Skriðudalshreppur og Fáskrúðsfjarðarhreppur.


[9] *Rangárvallasýsla:* Vestur Landeyjar. *Árnessýsla:* Sandvíkurhreppur og Skeiðahreppur. *Borgarfjarðarsýsla:* Skorradalshreppur og Ásasveit. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Eyjahreppur. *Dalasýsla:* Haukadalshreppur. *Barðastrandarsýsla:* Skálmarnesmúlahreppur. *Strandasýsla:* Tröllatunguhreppur og Hrútafjarðarhreppur. *Húnavatnssýsla:* Torfalækjarhreppur. *Eyjafjarðarsýsla:* Hvammshreppur.

[10] *Mýrasýsla:* Norðurárdalur. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Staðarsveit. *Strandasýsla:* Staðarhreppur. *Eyjafjarðarsýsla:* Ólafsfjarðarhreppur. *Mið-Múlasýsla:* Mjóafjarðarhreppur.

[11] Sjá Viðauka II, *töflu 2.*

jarðanna féllu einnig í fyrsta sæti dýrleikaraðar (80,9%) en lægst féllu jarðir í sjötta sæti (sjá *töflu 1*).

Myndrit 4: Fjöldi þingstaðajarða í flokki 2 eftir sæti í dýrleikaröð, skipt eftir heimild um guðshús



Um staðsetningu þessara þingstaða gildir að stærst hlutfall þeirra, 35 af 47 (74,5%,) voru miðlægari en aðrar miðstöðvar hreppsins. Í átta tilvikum (19,1%) var erfitt að meta hvaða miðstöð teldist miðlægust í hreppnum, s.s í tilfelli Bitruhrepps í Strandasýslu, en hreppurinn náði yfir tvo firði og voru miðstöðvarnar tvær innarlega í sitt hvorum firðinum. Einnig voru dæmi um hreppa svo sem Kjósarhrepp í Gullbringu- og Kjósarsýslu þar sem styttri meðalfjarlægð var að prestssetrinu Meðalfelli en þingstaðurinn Reynivellir var mögulega aðeins nær landfræðilegri miðju hreppsins. Af þessum átta þingstaðajörðum voru fjórar jarðir[12] hærra metnar en aðrar í hreppnum, í þremur hreppum[13] voru aðrar jarðir jafnháar, og í einum hrepp[14] var önnur jörð hærra metin en þingstaðajörðin.


Í fjórum hreppum (6,4%) voru þingstaðir hinsvegar á ytri miðstöðvum hreppanna. Í Blönduhlíðarhreppi í Skagafjarðarsýslu var þingstaðurinn og útkirkjujörðin Akrar þó ekki mjög utarlega og svipað gilti um útkirkjujörðina Skriðu í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Í Skriðuhreppi var prestssetrið Öxnhóll miðlægast af miðstöðvum, en þingstaðurinn Skriða var hins vegar betri jörð. Prestssetrið Auðbrekka var enn hærra metið en Skriða, en var í útjaðri hreppsins. Í Blönduhlíðarhreppi deildu Akrar

[12] *Rangárvallasýsla:* Landamannahreppur. *Árnessýsla:* Gnúpverjahreppur. *Ísafjarðarsýsla:* Norður-Dýrafjarðarhreppur. *Strandasýsla:* Bitruhreppur.

[13] *Rangárvallasýsla:* Austur Landeyjar. *Gullbringu- og Kjósarsýsla:* Kjósarhreppur. *Skagafjarðarsýsla:* Rípurhreppur.

[14] *Húnavatnssýsla:* Þorkelshólshreppur.

hins vegar efsta sæti dýrleikaraðar með fjórum öðrum jörðum og gæði jarðar því ekki augljós þáttur í vali á þingstað. Þingstaðirnir Reykholt í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu og Nes í Selvogshreppi í Árnessýslu voru báðir í útjaðri hreppsins. Reykholt var eina prestssetur hreppsins auk þess sem jafnframt er mögulegt að íbúar Ásasveitar hafi áður sótt þing að Reykholti (BB II: bls. 360) og er Reykholt nærri miðju séu hrepparnir tveir teknir saman. Prestssetrið Strönd í Selvogshreppi var hins vegar bæði miðlægara og hærra metið að dýrleika en útkirkjujörðin Nes, og finnst því ekki sambærileg skýring á staðsetningu þingstaðar í Selvogshreppi.




Mynd 3: Skriðuhreppur í Eyjafjarðarsýslu. Þingstaðurinn Skriða er merktur með stjörnu en aðrar miðstöðvar með þríhyrningi. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)

3. flokkur

Á eftir þingstöðum á miðstöðvum hreppanna er flokkur þingstaða á jörðum sem standa næst miðstöðvunum, oft útkirkjujörðum með háan dýrleika. Alls falla í þennan flokk 43 þingstaðir[15] eða 27,9% allra þingstaða á landinu. Af þessum þingstaðajörðum voru 30 útkirkjujarðir, bænhús voru á tíu jörðum og á þremur þingstaðajörðum voru engar heimildir um guðshús. Jarðir í þessum flokki féllu í 1-12 sæti dýrleikaraðar í hverjum hreppi (sjá töflu 3). Að meðaltali voru jarðirnar um 36 hdr að dýrleika, en aðeins ein jörð var undir dýrleika meðaljarðar (20 hdr). Sú jörð var Dynjandi í Grunnavíkursveit í Ísafjarðarsýslu, 16 hdr að dýrleika, en þær tvær jarðir

[15] Sjá Viðauka II, *töflu 3*.

Myndrit 5: Fjöldi þingstaðajarða í flokki 3 eftir sæti í dýrleikaröð, skipt eftir heimild um guðshús



sem hærra voru metnar, önnur þeirra prestssetur hreppsins, voru einungis 18 hdr, og féll þingstaðurinn því í þennan flokk frekar en flokk 4.

Af þessum 43 þingstöðum voru 28 miðlægari en miðstöðvar hreppanna, þó að í sex tilvikum[16] væri ekki mjög mikill munur á þingstöðunum og miðlægustu miðstöðvunum. Í sex hreppum[17] var erfitt að meta hvort þingstaður eða önnur miðstöð væri miðlægari, s.s. í tilfelli Vindhælishrepps í Húnavatnssýslu þar sem prestssetrið Spákonufell var nær landfræðilegri miðju hreppsins en þingstaðurinn Vindhæli lá betur við leiðum úr mismunandi hlutum hreppsins; og í Vestur Landeyjum þar sem bæði prestssetrið Skúmsstaðir og þingstaðurinn Fíflholt voru í útjaðri hreppsins, önnur jörðin vestanmegin en hin austanmegin. Í sjö tilvikum[18] voru miðstöðvar innan hreppanna miðlægari en þingstaðirnir, þó yfirleitt væri ekki gífurlegur munur á, nema

[16] *Dalasýsla:* Haukadalshreppur. *Strandasýsla:* Hrútafjarðarhreppur. *Húnavatnssýsla:* Engihlíðarhreppur. *Eyjafjarðarsýsla:* Ólafsfjarðarhreppur og Svarfaðardalshreppur. *Þingeyjarsýsla:* Kelduneshreppur.

[17] *Rangárvallasýsla:* Vestur Landeyjar. *Borgarfjarðarsýsla:* Skorradalshreppur. *Mýrasýsla:* Hvítársíðusveit. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Breiðavíkurhreppur ásamt Neshreppi. *Ísafjarðarsýsla:* Aðalvíkursveit. *Húnavatnssýsla:* Vindhælishreppur.


[18] *Rangárvallasýsla:* Fljótshlíð. *Árnessýsla:* Hrunamannahreppur. *Ísafjarðarsýsla:* Vestur-Dýrafjarðarhreppur og Súðavíkurhreppur. *Húnavatnssýsla:* Torfustaðahreppur og Þverárhreppur. *Suður-Múlasýsla:* Fljótsdalshreppur.

í tifelli Súðavíkur í Súðavíkurhreppi í Ísafjarðarsýslu þar sem þingstaðurinn var alveg í útjaðri hreppsins. Í tveimur hreppum, Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu og Kaldaðarneshreppi í Strandasýslu, voru engar jarðir sem uppfylltu skilgreiningu miðstöðvar, en í báðum tilvikum voru þingstaðajarðirnar miðlægari en jarðir sem voru jafnháar eða hærri að dýrleika.

4. flokkur


Í síðasta flokkinn falla 36 þingstaðir[19] á meðalgóðum jörðum sem ekki geta talist miðstöðvar, alls 23,4% þingstaða á landinu. Jarðirnar voru frá 9 hdr upp í 36 hdr, en að meðaltali um 19 hdr, rétt undir dýrleika meðaljarðar. Í dýrleikaröð hreppanna voru jarðirnar frá 3. sæti allt niður í 47. sæti, en 72,2% jarðanna voru þó í 10. sæti eða ofar. Bænhús voru á níu jörðum í þessum flokki en á hinum jörðunum 27 eru engar heimildir um guðshús.

Myndrit 6: Fjöldi þingstaðajarða í flokki 4 eftir sæti í dýrleikaröð, skipt eftir heimild um guðshús



Almennt gildir um þingstaðajarðir í þessum flokki að þær voru staðsettar miðsvæðis í hreppnum, með tveimur undantekningum: Fífustaðir í Dalasveit í Barðastrandarsýslu og Búrfell í Ásasveit í Borgarfjarðarsýslu. Til Fífustaða sóttu íbúar bæði Dalasveitar og Suðurfjarðarsveitar þing, en þingháin var óvenjuleg að því leyti að þing voru haldin á tveimur stöðum, á Neðri Hvestu um haust en á Fífustöðum um vor. Neðri Hvesta var með miðlægari jörðum í þinghánni en Fífustaðir voru hins vegar mun utar. Samkvæmt Ólafi Árnasyni sýslumanni 1746 voru manntalsþing að vori haldin að Fífustöðum til að auðvelda mönnum þingsókn á vertíð (*Sýslulýsingar*

[19] Sjá Viðauka II, *töflu 4*.



Mynd 4: Dala- og Suðurfjarðarsveit í Barðastrandarsýslu. Þingstaðirnir Fífustaðir (norðar) og Neðri Hvesta (sunnar) eru merktir með stjörnu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)

1744-1749, 1957: bls. 133). Ástæðan fyrir vali á þingstað Ásasveitar er hins vegar óljósari. Jörðin Búrfell er utarlega í hreppnum og liggur sunnan Reykjadalsár, ólíkt meirihluta jarða í Ásasveit. Búrfell var þriðja besta jörðin í hreppnum, en jarðirnar í efstu tveimur sætunum, Signýjarstaðir og prestssetrið Stóri Ás voru töluvert hærri að dýrleika. Meðalfjarlægð að þessum tveimur jörðum var þó lengri en að Búrfelli, og hefur það mögulega haft áhrif á staðsetningu þingstaðarins.

Um sex jarðir[20] í þessum flokki má hins vegar segja að þær hafi líklega verið miðlægasta jörðin í hreppnum og aðrar 17[21] á meðal miðlægustu jarða. Þær 11 jarðir[22] sem standa eftir voru einnig í það minnsta sæmilega miðlægar, en aðrar jarðir í hreppunum voru auðsjáanlega nær miðju. Í flestum hreppum voru þingstaðirnir miðlægari en prestssetur og höfuðból, eða í 24 hreppum af 36. Í tíu hreppum[23] voru einhverjar miðstöðvar álíka miðlægar og þingstaðir en í tveimur hreppum[24] var miðstöð nær miðju hrepps en þingstaðurinn. Í nokkrum tilvikum, svo sem í Kleifahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu og Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu gilti þó að þrátt fyrir að þingstaður væri ekki einna næstur landfræðilegri miðju þá voru þeir nærri mörkum mismunandi hreppshluta.

---

[20] *Rangárvallasýsla:* Reyðarvatn á Rangárvöllum og Þjóðólfshagi í Holtamannahreppi. *Borgarfjarðarsýsla:* Heggsstaðir í Andakílshreppi. *Strandasýsla:* Hrófberg í Staðarhreppi. *Þingeyjarsýsla:* Haganes í Mývatnssveit. *Vestur-Skaftafellssýsla:* Leiðvellir í Leiðvallahreppi.

[21] *Árnessýsla:* Húsatóftir í Skeiðahreppi, Vælugerði í Villingaholtshreppi, Stóra-Borg í Grímsnesi (með Þingvallahreppi) og Bakkárholt í Ölfushreppi. *Gullbringu- og Kjósarsýsla:* Kópavogur í Seltjarnarneshreppi (með Álftaneshreppi). *Mýrasýsla:* Dýrastaðir í Norðurárdal. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Hrossholt í Eyjahreppi, Fáskrúðsbakki í Miklaholtshreppi, Garðar í Staðarsveit, Grund í Eyrarsveit og Drangar í Skógarstrandarsveit. *Barðastrandarsýsla:* Vattarnes í Skálmarnesmúlahreppi, Tunga í Rauðasandshreppi og Neðri-Hvesta í Dalasveit (með Suðurfjarðasveit). *Ísafjarðarsýsla:* Nauteyri á Langadalsströnd. *Norður-Múlasýsla:* Ásbrandsstaðir í Vopnafjarðarhreppi. *Mið-Múlasýsla:* Brekka í Mjóafjarðarhreppi.

[22] *Mýrasýsla:* Hofstaðir í Álftaneshreppi og Lækjarbugur í Hraunhreppi. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Kaldárbakki í Kolbeinsstaðahreppi. *Dalasýsla:* Blönduhlíð í Hörðudalshreppi. *Barðastrandarsýsla:* Berufjörður í Króksfjarðarhreppi (með Geiradalshreppi) og Skálanes í Gufudalshreppi. *Ísafjarðarsýsla:* Mosvellir í Önundarfjarðarhreppi. *Skagafjarðarsýsla:* Skefilsstaðir í Skefilsstaðahreppi. *Mið-Múlasýsla:* Egilsstaðir í Vallnahreppi. *Austur-Skaftafellssýsla:* Holtar á Mýrum (með öðrum hreppum sýslunnar). *Vestur-Skaftafellssýsla:* Kleifar í landi Merkur í Kleifahreppi.

[23] *Árnessýsla:* Villingaholtshreppur og Grímsnes ásamt Þingvallahreppi. *Borgarfjarðarsýsla:* Ásasveit. *Mýrasýsla:* Álftaneshreppur og Hraunhreppur. *Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:* Kolbeinsstaðahreppur og Skógarstrandarsveit. *Mið-Múlasýsla:* Vallnahreppur. *Austur-Skaftafellssýsla:* Lón, Nes og Mýrar ásamt Suðursveit og Öræfabyggð. *Vestur-Skaftafellssýsla:* Kleifahreppur.

[24] *Barðastrandarsýsla:* Gufudalshreppur og Dalasveit ásamt Suðurfjarðasveit.


V. Munur eftir landshlutum

Nokkur munur virðist á því í hvaða flokk þingstaðir lenda eftir því í hvaða landsfjórðungi þeir eru eins og sjá má í *töflu 1*. Vegna þess hversu fáir þingstaðir eru í hverjum fjórðungi er munur á milli fjórðunga í mörgum tilvikum ekki marktækur en í öllum flokkum var samt sem áður marktækur munur með 90% vikmörkum milli hæstu og lægstu gilda. Þingstaðir í flokkum 1 og 2 eru í báðum tilvikum á jörð sem skilgreina má sem miðstöð og munurinn á flokkunum felst einkum í uppsetningu hreppsins. Því má í raun setja þá saman ef einungis skal horfa til miðstöðvarhlutverks þingstaðajarðarinnar (*myndrit 7*).

Tafla 1: Hlutföll þingstaða í mismunandi flokkum eftir fjórðungum

Fjórðungur	Fjöldi þingstaða	Flokkur 1 (%)	Flokkur 2 (%)	Flokkur 3 (%)	Flokkur 4 (%)
N-fjórðungur	44	15,9	50,0	29,5	4,5
S-fjórðungur	37	10,8	35,1	29,7	24,3
A-fjórðungur	21	38,1	23,8	9,5	28,6
V-fjórðungur	52	17,3	13,5	32,7	36,5

Myndrit 7: Hlutföll þingstaða í mismunandi flokkum eftir fjórðungum



Munurinn á landsfjórðungum er einkum áberandi ef bornir eru saman Norðlendingafjórðungur og Vestfirðingafjórðungur. Í Norðlendingafjórðungi voru 65,9% þingstaða á miðstöðvarjörð en aðeins 4,5% þingstaða á meðalgóðri jörð. Í Vestfirðingafjórðungi voru hins vegar 30,5% þingstaða á miðstöðvarjörð en 36,5% þingstaða á meðalgóðri jörð. Innan Vestfirðingafjórðungs sker Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla sig sérstaklega úr en þar var enginn þingstaður á sömu jörð og prestssetur, a.m.k. ekki fyrr en á 16. öld þegar nýr þingstaður var settur í Neshreppi.

Tafla 2: Hreppar með einni miðstöð

Fjórðungur	Fjöldi þingstaða	Fjöldi hreppa með einni miðstöð	Fjöldi þingstaða í flokki 1
N-fjórðungur	44	10	7
S-fjórðungur	37	9	4
A-fjórðungur	21	9	8
V-fjórðungur	52	28	9

Ef þingstöðum á miðstöðvarjörðum er aftur skipt upp og litið sérstaklega á flokk 1, þingstaði á ótvíræðri miðstöð hreppsins, virðast einnig merki um að frekar hafi verið forðast að hafa þingstað á miðstöðvarjörð í Vestfirðingafjórðungi en í öðrum fjórðungum (sjá *töflu 2*). Af 52 hreppum í fjórðunginum eru 28 (53,8%) þar sem aðeins er ein miðstöð í hreppnum og er fjórðungurinn með hæst hlutfall slíkra hreppa. Austfirðingafjórðungur kemst þó nálægt, með aðeins eina miðstöð í níu hreppum af 21 (42,9%). Af þessum níu miðstöðvum í Austfirðingafjórðungi voru átta jafnframt þingstaðir (88,9%). Í Vestfirðingafjórðungi voru hins vegar þingstaðir á aðeins níu jörðum af 28 (32,1%).

VI. Niðurstöður: Val á þingstað

Rannsókn á staðsetningu þingstaða á landinu öllu gefur að mestu sömu niðurstöðu og rannsókn á úrtaki af sex sýslum, en gefur þó dýpri mynd af þingstöðunum. Um þingstaði í öllum fjórum ofangreindum flokkum gildir að í fæstum tilfellum dugir ein ástæða til að útskýra hvers vegna þingi var valinn staður á ákveðinni jörð frekar en annarri. Heilt yfir eru tengsl þingstaða sterkust við bestu jarðir hreppanna; alls voru 48,7% þingstaða á miðstöðvarjörðum, 18,2% í 1. flokki og 30,5% í 2. flokki. Ef litið er til dýrleika voru 39,0% þingstaða á jörð í efsta sæti dýrleikaraðar og alls 63,6% þingstaða voru í efstu þremur sætunum. Tengsl við kirkjulegt vald voru jafnframt sterk, þar sem 42,9% þingstaðajarða voru jafnframt prestssetur. Stærstu kirkjumiðstöðvarnar, biskupsstólar og klausturjarðir hafa hins vegar líklega þótt hafnar yfir veraldlega stjórn hreppa, þar sem þingstaðir voru afar sjaldan á þeim jörðum (Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2016: bls. 29-30).

Tengsl við valdamiðstöðvar í héraði duga þó ekki til að skýra val á staðsetningu þingstaða, líkt og sjá má ef hreppar með aðeins einni miðstöð eru skoðaðir en í flestum þessara hreppa þar sem miðstöðin var fjærri miðju hreppsins var önnur miðlægari jörð valin undir þingstað. Ef litið er á landið í heild sinni gildir jafnframt almennt, þó það sé ekki algilt, að þingstaðir væru nærri miðju hreppsins. Hvað túlka má sem miðju hreppsins getur þó einnig verið mismunandi. Mót sveitarhluta eða leiða geta einnig markað ákveðinn miðpunkt hrepps þar sem þingstaðurinn var staðsettur, svo sem í tilviki Bolungarvíkurhrepps í Ísafjarðarsýslu, Vindhælishrepps í Húnavatnssýslu og Skefilstaðahrepps í Skagafjarðarsýslu.

Með því að halda þing ekki á helstu miðstöðvum hreppanna virðist valdi meðvitað hafa verið dreift en í mörgum tilvikum er samt sem áður erfitt að segja til um hvers vegna þessar jarðir frekar en aðrar voru valdar sem þingstaðir. Hjá þingstöðum í 3. flokki (27,9% þingstaða) nær valddreifingin einungis til þeirra jarða sem næst standa miðstöðvunum og þingstaðir í þessum hreppum oftar en ekki á miðlægustu útkirkjujörðum. Í hreppum í 4. flokki (23,4% þingstaða) virðist valið hins vegar hafa staðið á milli fleiri jarða. Útiloka má þær jarðir sem lægst stóðu í hreppunum; aðeins fjórir þingstaðir voru undir 12 hdr, lægst Brekka í Mjóafjarðarhreppi í Mið-Múlasýslu með dýrleikann 9 hdr. Sú jörð var þó ekki langt undir dýrleika meðaljarðar, þar sem að í

Austfirðingafjórðungi var meðaljörðin 12 hdr ólíkt öðrum fjórðungum þar sem meðaljörð var um 20 hdr (Gísli Gunnarsson, 2002; Einar Laxness, 1974: bls. 145). Í dýrleikaröð hreppanna féll Kópavogur, þingstaður Seltjarnarness- og Álftaneshreppa í Gullbringu- og Kjósarsýslu, lægst eða í 47. sæti af 63. Hlutfallslega lægst féllu þó Hofstaðir í Álftaneshreppi í Mýrasýslu, í 12. sæti af 18. En þó að lélegustu jarðir hreppanna séu undanskildar stoðar það ekki til að skýra hvers vegna ein jörð frekar en önnur var valin undir þingstað. Miðlægni ein virðist ekki skera úr um val þingstaðarins, þar sem í mörgum tilvikum voru aðrar jarðir jafnmiðlægar eða miðlægari, þó taka verði fram að ekki sé óhugsandi að dreifing jarða hafi verið önnur um 1700 en hún var þegar þingstaður var valinn. Ekki virðist heldur augljós tengsl milli dýrleika jarða og vals á þingstað: Ef dýrleiki þingstaða í 4. flokki er borinn saman við dýrleika annarra miðlægra jarða í hreppunum þá fundust þar í 33,3% tilvika jarðir með hærri dýrleika en þingstaðurinn, í 36,1% tilvika jarðir jafnháar að dýrleika (en ekki hærri) og í 30,6% tilvika voru allar nálægar jarðir með lægri dýrleika en þingstaðurinn. Ekki er ólíklegt að fleiri þætti hafi haft áhrif á staðsetningu þingstaða en þeir sem skoðaðir hafa verið hér, t.a.m. aðgengilegir beitarhagar. Einnig getur verið staðsetning þingstaða hafi í þessum tilvikum einfaldlega ákvarðast af því að eigendur og ábúendur hafi verið tilbúnir til að hafa þinghald á jörð sinni, þar sem ekki er ólíklegt að fyrir minni jarðeigendur hafi þinghald með tilheyrandi átroðningi getað frekað verið áþyngjandi en upphefjandi.

Tengsl þingstaða við miðstöðvar virðast missterk eftir landshlutum, mest í Norðlendingafjórðungi en minnst í Vestfirðingafjórðungi. Erfitt er að segja til um að svo stöddu hver ástæða þess kann að vera, hvort einhver munur hafi hugsanlega verið á uppbyggingu hreppanna eða á hugmyndum manna um hreppi eftir landshlutum sem leitt hafi til mismunandi áherslna í vali á þingstað. Hvort sem að þingsamkomurnar sjálfar hafi einkennst af jafnræði milli bænda eða hvort þeim hafi verið stjórnað af fáum höfðingjum virðist staðsetning þeirra þó almennt markast af því að litið hafi verið til allra hreppsbúa með því að hafa þingstaðinn nærri miðju hrepps.

VII. Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson. (2011). Landscapes of burial: Contrasting the Pagan and Christian Paradigms of Burial in Viking Age and Medieval Iceland. *Archaeologia Islandica,* 9, bls. 50-64.

AÍ: *Alþingisbækur Íslands* (I-XVII. bindi). (1912-1990). Reykjavík: Sögufélag.

Bisk I: *Biskupa sögur* (I. bindi). (1858). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

BS: Hjalti Pálsson (ritstjóri). (1999-2014). *Byggðasaga Skagafjarðar* (I.-VII. bindi). Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga.

Björn Lárusson. (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur: C. W. K. Gleerup.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn* (I.-XV. bindi). (1857-1950). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Einar Laxness. (1987). *Íslandssaga a-k* (2. útgáfa). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins.

Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins. (2001). Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason (ritstjórar). Reykjavík: Mál og menning.

Hjálmar Vilhjálmsson. (1955). Manntalsþing. Í *Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni prófessor dr. juris & philosophiae sjötugum 25. febrúar 1955: Gefið út af íslenskum lögfræðingum og laganemum.* Reykjavík: Hlaðbúð.

IA: Gustav Storm (ritstjóri). (1977). *Islandske Annaler indtil 1578*. Oslo: Norsk historisk kildeskriftfond.

ÍF I: *Íslenzk fornrit I. Íslendingabók. Landnáma.* (1968). Jakob Benediktsson (ritstjóri). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF VII: *Íslenzk fornrit VII. Grettis saga Ásmundarsonar.* (1936). Guðni Jónsson (ritstjóri). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM: Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1980-1988). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Vestmannaeyjasýsla, Rangárvallasýsla (I.-XI. bindi). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag; Reykjavík: Sögufélag.

JJ: Jón Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi. Með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Lovs: *Lovsamling for Island* (I.-XXI. bindi). (1853-1889). Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Höst.

Lýður Björnsson. (1972). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi* (I. bindi). Reykjavík: Almenna Bókafélagið.

Loftur Guttormsson. (2000). *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi III.* Reykjavík: Alþingi.

PP: Sveinn Níelsson, Hannes Þorsteinsson og Björn Magnússon. (1949-1951). *Prestatal og prófasta á Íslandi.* Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

SSH: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I. Húnavatnssýsla.* (1950). Akureyri: Norðri.

SSV I: *Sóknalýsingar Vestfjarða* (I. bindi). (1952). Reykjavík: Samband vestfirzkra átthagafélaga.

Sýslulýsingar 1744-1749. Sögurit XXVIII. Reykjavík: Sögufélagið.

Sturl: *Sturlunga saga* (I.-II. bindi). (1988). Örnólfur Thorsson (Ritstjóri). Reykjavík: Svart á hvítu.

Óprentaðar heimildir

AM 259 4to. (1590-1610). Máldagar Skálholtskirkju. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

AM 263 fol. (1598). Máldagabók. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. AM 640 4to. (1450-1499). *Nikulásarsaga og skjöl er varða Ærlæk í Öxarfirði*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lbs 1084to. (1315-1643) *Kirkna og klaustra skjöl.* Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.


Ö-Blönduhlíð: Ari Gíslason. (e.d.). *Örnefnaskrá Blönduhlíðar.* Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Vefheimildir


Gísli Gunnarsson. (2002, 2. apríl). Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða. Sótt af https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2256.

Viðauki I: Kort


Kort á næstu síðum sýna staðsetningu elstu þekktu hreppaþingstaðanna og annarra jarða í hverri sýslu. Hreppaþingstaðir eru auðkenndir með rauðum stjörnum, en aðrar jarðir með gulum, grænum, bláum og fjólubláum formum, þannig að allar jarðir sem heyra undir einn og sama þingstaðinn eru aðgreindar frá öðrum í lit og lögun. Númer þingstaða samsvara þeim sem skráð eru í töflum í viðauka II.




Mynd 1: Hreppaþingsstaðir í Rangárvallasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 2 Hreppaþingsstaðir í Vestmannaeyjum. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 3: Hreppaþingsstaðir í Árnessýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 4: Hreppaþingsstaðir í Gullbringu- og Kjósarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 5: Hreppaþingsstaðir í Borgarfjarðarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 6: Hreppaþingsstaðir í Mýrasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 7: Hreppaþingsstaðir í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 8: Hreppaþingsstaðir í Dalasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 9: Hreppaþingsstaðir í Barðastrandarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 10: Hreppaþingsstaðir í Ísafjarðarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 11: Hreppaþingsstaðir í Strandasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 12: Hreppaþingsstaðir í Húnavatnssýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 13: Hreppaþingsstaðir í Skagafjarðarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 14: Hreppaþingsstaðir í Eyjafjarðarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 15: Hreppaþingsstaðir í Þingeyjarsýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 16: Hreppaþingsstaðir í Norður-Múlasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)




Mynd 17: Hreppaþingsstaðir í Mið-Múlasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)



Mynd 18: Hreppaþingsstaðir í Suður-Múlasýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)



Mynd 19: Hreppaþingsstaðir í Austur-Skaftafellssýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)



Mynd 20: Hreppaþingsstaðir í Vestur-Skaftafellssýslu. (Grunnkort er byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.)

Viðauki II: Töflur

Tafla 1: Þingstaðir í flokki 1

Nr.	Sýsla	Hreppur/Þinghá	Þingstaður	Fjöldi bæja	Fjöldi miðstöðva	Guðshús	Dýrleiki (hdr)	Dýrleiki (röð)	Meðalfj. (m)	Meðalfj. (röð)	Sf.
10	Árnessýsla	Bæjarhreppur	Gaulverjabær	25	1	Prestssetur	60	1	3210	2	2046
11	Árnessýsla	Stokkseyrarhreppur	Stokkseyri	20	1	Prestssetur	60	1	4189	6	2262
29	Borgarfjarðarsýsla	Strandarhreppur	Saurbær	27	1	Prestssetur	60	1	6756	1	3362
34	Borgarfjarðarsýsla	Lundareykjardalshreppur	Lundur	21	1	Prestssetur	60	1	6832	4	3938
39	Mýrasýsla	Þverárhíð	Norðtunga	15	1	Prestssetur	50	1	4910	7	2210
56	Dalasýsla	Laxárdalshreppur	Hjarðarholt	21	1	Prestssetur	60	1	7099	5	4632
58	Dalasýsla	Fellsstrandarhreppur	Staðarfell	15	1	Prestssetur	60	1	4928	6	2457
67	Barðastrandarsýsla	Tálknafjarðarhreppur	Laugardalur	15	1	Prestssetur	36	2	4936	2	2857
75	Ísafjarðarsýsla	Bolungarvíkurhreppur	Hóll	15	1	Prestssetur	60	1	4887	5	3766
76	Ísafjarðarsýsla	Skutulsfjarðarhreppur	Eyri	12	1	Prestssetur	60	1	3597	3	1407
78	Ísafjarðarsýsla	Ögursveit	Ögur	17	1	Prestssetur	24	1	8515	14	4822
79	Ísafjarðarsýsla	Vatnsfjarðarsveit	Vatnsfjörður	17	1	Prestssetur	60	1	7131	9	4810
84	Strandasýsla	Trékyllisvíkurhreppur	Árnes	28	1	Prestssetur	60	1	9169	1	7192
90	Húnavatnssýsla	Staðarhreppur	Staður	13	1	Prestssetur	60	1	6143	4	4995
92	Húnavatnssýsla	Vatnsneshreppur	Kirkjuhvammur	30	1	Prestssetur	40	1	10106	6	7825
110	Skagafjarðarsýsla	Sléttuhlíðarhreppur	Fell	18	1	Prestssetur	60	1	3631	5	1864
112	Eyjafjarðarsýsla	Grímsey	Miðgarðar	10	1	Prestssetur	60	1	714	1	529
131	Þingeyjarsýsla	Presthólahreppur	Presthólar	18	1	Prestssetur	60	1	19660	6	12293

Nr.	Sýsla	Hreppur/Þinghá	Þingstaður	Fjöldi bæja	Fjöldi miðstöðva	Guðshús	Dýrleiki (hdr)	Dýrleiki (röð)	Meðalfj. (m)	Meðalfj. (röð)	Sf.
132	Þingeyjarsýsla	Svarbarðshreppur	Svalbarð	13	1	Prestssetur	60	1	10536	1	7396
133	Þingeyjarsýsla	Sauðaneshreppur	Sauðanes	11	1	Prestssetur	60	1	10572	3	5345
134	Norður-Múlasýsla	Skeggjastaðahreppur	Skeggjastaðir	17	1	Prestssetur	60	1	16653	9	12411
137	Norður-Múlasýsla	Fellnahreppur	Ás	12	1	Prestssetur	60	1	7776	9	4657
140	Mið-Múlasýsla	Loðmundarfjarðarhreppur	Klyppsstaður	8	1	Prestssetur	60	2	3002	2	2072
141	Mið-Múlasýsla	Seyðisfjarðarhreppur	Dvergasteinn	9	1	Prestssetur	12	2	4577	4	3250
143	Mið-Múlasýsla	Norðfjarðarhreppur	Skorrastaður	16	1	Prestssetur	60	1	4616	4	3913
145	Suður-Múlasýsla	Skriðudalshreppur	Þingmúli	16	1	Prestssetur	60	1	4727	1	2776
146	Suður-Múlasýsla	Reyðarfjarðarhreppur	Hólmar	20	1	Prestssetur	60	1	10856	1	5876
147	Suður-Múlasýsla	Fáskrúðsfjarðarhreppur	Kolfreyjustaður	18	1	Prestssetur	60	1	8318	8	4541

Tafla 2: Þingstaðir í flokki 2

Nr.	Sýsla	Hreppur/Þinghá	Þingstaður	Fjöldi bæja	Fjöldi miðstöðva	Guðshús	Dýrleiki (hdr)	Dýrleiki (röð)	Meðalfj. (m)	Meðalfj. (röð)	Sf.
1	Rangárvallasýsla	Eyjafjallasveit	Holt	44	9	Prestssetur	60	1	8042	5	4060
2	Rangárvallasýsla	Austur Landeyjar	Kross	25	2	Prestssetur	60	1	5582	11	2682
5	Rangárvallasýsla	Hvolhreppur	(Stórólfs)Hvoll	21	3	Prestssetur	80	1	2948	6	2023
8	Rangárvallasýsla	Landamannahreppur	Skarð	30	4	Prestssetur	100	1	7651	5	3729
9	Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar	Vilborgarstaðir	18	3	Ekkert	-	1	789	7	762
13	Árnessýsla	Hraungerðishreppur	Hraungerði	22	3	Prestssetur	40	3	4505	2	1875
16	Árnessýsla	Gnúpverjahreppur	Stóri-Núpur	25	2	Prestssetur	60	1	6041	8	3737
21	Árnessýsla	Selvogshreppur	Nes	12	2	Útkirkja	80	2	2862	7	2861
22	Gullbringu- og Kjósarsýsla	Grindavíkurhreppur	Járngerðarstaðir	8	3	Ekkert	100	1	5181	4	6148
24	Gullbringu- og Kjósarsýsla	Vatnsleysustrandarhreppur	Kálfatjörn	21	2	Prestssetur	60	1	4091	10	3758
28	Gullbringu- og Kjósarsýsla	Kjósarhreppur	Reynivellir	32	4	Prestssetur	60	1	5915	8	3248
32	Borgarfjarðarsýsla	Mela- og Leirársveit	Leirá	21	2	Prestssetur	60	1	4611	10	2763
35	Borgarfjarðarsýsla	Reykholtsdalshreppur	Reykholt	25	3	Prestssetur	60	1	5738	15	3158
41	Mýrasýsla	Stafholtstungur	Hjarðarholt	32	2	Prestssetur	50	2	5910	9	2716
54	Dalasýsla	Miðdalahreppur	Sauðafell	26	4	Prestssetur	60	1	3956	2	2293
57	Dalasýsla	Hvammssveit	Hvammur	19	3	Prestssetur	60	1	5121	3	2909
60	Dalasýsla	Saurbæjarhreppur	Staðarhóll	34	4	Prestssetur	120	1	6504	1	5054
